

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.

ATHUGUN Á LAXÁ Í
SKEFILSSTAÐAHREPPI.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

Sigurður Guðjónsson
Agúst 1983.

Sigurður Guðjónsson.

Agúst 1983.

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES
P.O. BOX 754—101 REYKJAVÍK ICELAND

Laxá í Skefilsstaðahreppi.

Inngangur.

Laxá er dragá og er fiskgeng að stórum hluta eða 23km. Frá ósi og 500m upp er áin lygn og fingerð mól og sandur í botni. Þar fyrir ofan tekur við um 1km kaflí þar sem botn er smágrýttur með einstaka hnúllúngsgrjóti inn á milli. Straumhraði á þessu svæði er einnig meiri og skapar þetta tvennt góð skilyrði fyrir laxaseiði. Ofan við þetta svæði eða skammt neðan við neðstu brú tekur svo við lygn kaflí með fingerðum malarbotni. Þetta svæði nær upp í gilið um 1km ofan við miðbrú. Svæði þetta sem er um 6km að lengd er fremur rýrt sem uppeldissvæði fyrir laxaseiði eins og neðsta svæðið. Í gílinu og alveg fram að Háafossi eru hinsvegar góð uppeldissvæði fyrir laxaseiði, þar sem botnagerð og straumlag er ákjósanlegt. Þetta svæði er um 15,5km að lengd. Í Grímsá sem er þverá Laxár eru ágæt uppeldissvæði fyrir laxaseiði frá ármótum og upp að fossi sem er skammt ofan við brú á ánni. Ofan við foss eru ágæt svæði á köflum fyrir laxaseiði þar sem botn er grýttur og meðalstraumur.

Á vegum Veiðimálastofnunar var ástand laxastofnsins í ánni athugað þann 19 ágúst 1983.

Rannsóknargögn og aðferðir.

Seiði voru veidd með rafveiðtækjum. Öll seiði voru lengdarmæld (cm) og hluti aflans var tekinn til aldursgreiningar og voru þau seiði einnig vegin (g). Alls var veitt á 4 stöðum í Laxá (mynd 1) og einnig í Grímsá við brú (3 á mynd 1). Í Laxá var veitt 300m fyrir neðan neðstu brú (1 ár mynd 1), við miðbrú (2 á mynd 1), við efstu brú (4 á mynd 1), og við eyðibýlið Illugastaði (5 á mynd 1).

Einnig var hitastig og rafleiðni mæld á nokkrum stöðum í ánni. Rafleiðnimælingar gefa hugmynd um styrk næringarefna og þar með frumframleiðni í árvatninu.

Niðurstöður og umræða.

Hita og rafleiðnimælingar koma fram í töflu 1. Vatnshitastig í dragám fylgir lofthita nokkurn veginn og er Laxá þar enginn undantekning. Meðan leysing stendur yfir hitnar áin minna en síðsumars þegar rennsli er minna. Leiðni (við 25°C) var hæðst neðst í ánni en þar er líklegt að gæti næringarefna sem skolað hefur úr lífrænum yfirborðslögum t. d. ná tún niður á bakka við neðri hluta árinna og gæti þar gætt áhrifa frá áburði. Annars staðar var leiðni svipuð og allhá.

Ekki var unnt að meta þéttleika laxaseiðanna með neinni vissu þar eð ekki var tími til að kanna veiðni rafveiðitækjanna.

Neðst í Laxá var veitt á 230 m^2 svæði. Farnar voru tvær yfirferðir og fengust 51 laxaseiði í fyrri yfirferð og 41 í þeirri seinni. Auk þess veiddist 1 bleikja og 1 urriðaseiði.

Við miðbrú var veitt á 300 m^2 svæði og fengust 8 laxaseiði og 1 bleikjuseiði en á þessu svæði eru uppeldisskilyrði rýr. Í Grímsá var veitt á 70 m^2 svæði og veiddist 1 laxaseiði. Við eyðibýlið Illugastaði var veitt á 210 m^2 svæði og fengust þar 9 laxaseiði. Á þessum stöðum var farinn ein yfirferð. Lengdardreifing laxaseiðanna kemur fram á mynd 2. Svo virðist sem seiðin nái flest göngustærð 4 ára en líklegt er að sum seiði geti náð göngustærð 3 ára í góðu árferði. Þegar könnun þessi fór fram var út frá kvarna og hreisturlestri hægt að sjá að vöxtur var nýbyrjaður og er því vaxtartímabilið óvenju stutt. Annað sem athygli vekur er að engin 1 árs seiði fundust. Ósennilegt verður að teljast að þessi árgangur sé ekki til staðar í ánni. Hrygningarstöðum er oft misdreift um ár og yngri seiði, bæði vorgömul og jafnvel einnig 1 árs seiði, þar sem vöxtur er hægur, eins og víða á Norðurlandi, geta husanlega dreift sér seint út frá hrygningarstöðunum. Hafi verið veitt fjarri slíkum stöðum væri ekki von á mörgum 1 árs seiðum.

Veitt var á 5 stöðum í ánni og alls á um 830 m^2 og því hlýtur þessi árgangur að vera fremur lítill, því ekkert 1 árs seiði veiddist. Gæti því lítil hrygning hafa átt sér stað. Vorgömul seiði fundust ekki, enda ekki von á þeim upp úr mölinni fyrr en síðar.

Holdastuðull K (Condition factor) $K = \frac{\text{þyngd} \times 100}{\text{Lengd}^3}$ var reiknaður fyrir laxaseiðin í ánni. Holdastuðull segir til um hve feit seiðin eru. Reyndist hann vera $0,98 \pm 0,06$ sem er svipað og í Laxá-Ytri. Ekki var merkjanlegur munur á holdastuðli seiða frá hinum ýmsu veiðistöðum.

Fæða seiðanna var lauslega athuguð, var hún að stórum hluta rykmýslirfur en auk þess fundust ánar (*Oligochaeta*) í fæðunni.

Almennt má segja að seiði séu á öllum fiskgenga hlutanum og er því algerlega ónauðsýnlegt og beinlínis til skaða að sleppa seiðum í þennan hluta árinna. Færri seiði fundust í efri hluta árinna en í neðri hlutanum og má í tilraunaskyni sleppa seiðum á vel afmarkað svæði t.d. neðst við efstu brú. Yrði þá að athuga árangur slíkrar sleppingar og komast að því hvort hugsanlegt sé að vissir hlutar árinna séu vansetnir vegna skorts á hrygningarsvæðum í efri hluta árinna. Vel er hugsanlegt að áin geti fóstrað færri seiði ofantil vegna minna fæðuframboðs og einnig gæti áin verið kaldari þar.

Varðandi frekari ræktun er óhætt að sleppa sumaröldum seiðum ofan við foss í Grímsá og þá í betri kafla árinna þar sem botn er grýttur og meðalstraumur.

Heppilegur þéttleiki í Hrótafjarðará reyndist vera 1 seiði á hverja 2 m² (Einarsson 1982) og er ekki ósennilegt að þessi þéttleiki gæti gefið góðan árangur í Grímsá.

Sleppibúr fyrir gönguseiði voru einnig skoðuð. Virtust búrin vera ágætlega úr garði gerð. Það verður að gæta þess að fá gönguseiðin áður en þau fara í göngubúning, því talið er að á þessu skeiði læri þau að þekkja lykt þá er þau nota til að rata heim aftur.


Varðandi gönguseiðasleppingar er rétt að fara sér hægt, því enn sem komið er hafa þar ekki skilað góðum árangri á Norðurlandi, t.d. í Fossá á Skaga. Best er að sleppiseiði, bæði sumaralin seiði og gönguseiði séu af stofni árinna, því líklegt er að seiði af stofni árinna skili sér mun betur en seiði af öðrum stofnum (Bams 1976).

HEIMILDIR.

Bams, R.A. 1976. Survival and propensity for homing as affected by presence or absence of locally adapted paternal genes in two transplanted of salmon (Oncorhynchus-gorbuscha). J. Fish. Res. Board Can. 33: 2716-2725.

Einarsson Sigurður.M. 1982. Laxarannsóknir í Hrútarfjarðará.
Framvinduskýrsla. Veiðimálastofnunin 1982

MYND 1
LAXÁ Í
SKEFILSSTAÐAHREPPI




MYND 2
 ALDUR OG LENGDARDREIFING LAXASEIDA
 Í LAXÁ Í SKEFILSTAÐAHREPPÍ Í JÚLÍ 1983

☐: 2+

□: 3+

▨: 4+



Tafla 1.

Hiti og rafleiðni í Laxá Skefilsstaðahreppi.

Staður	Dagsetning	Tími	Hiti	H ₂₅
Við efstu brú	19/7	12 ⁰⁰	7°C	67
Grímsá við brú	19/7	12 ¹⁰	7°C	67
Við neðstu brú	19/7	15 ¹⁵	8°C	78
Við mið brú	19/7	16 ³⁰	8°C	67